

LÖG

FLUGFREYJUFÉLAG ÍSLANDS.

1. Kafli. Heiti félagsins og hlutverk.

- 1. gr.** Félagið heitir Flugfreyjufélag Íslands, skammstafað FFÍ.
Félagssvæði þess er Ísland. Félagið er aðili að Alþýðusambandi Íslands.
Heimili félagsins og varnarþing er í því sveitarfélagi sem starfsstöð félagsins er hverju sinni.
- 2. gr.** Tilgangur félagsins er:
- a) Að sameina alla starfandi flugfreyjur og flugþjóna sem starfa á félagssvæðinu.
 - b) Að vernda réttindi og hagsmuni félagsmanna.
 - c) Að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, svo sem með því að semja um kaup og kjör, bættan aðbúnað við vinnu og gæta þess að ekki sé gengið á rétt félagsmanna.
 - d) Að vinna að öryggismálum og öðru því sem tengist starfi félagsmanna.
 - e) Að fylgjast með þróun starfsins og öryggisþáttum tengdu því hjá öðrum flugfélögum innlendum sem erlendum, og vinna að því að kjör félagsmanna séu ekki lakari en hjá þeim.
 - f) Veita félagsmönnum aðstoð í veikindum skv. reglugerð sjúkrasjóðs FFÍ.
 - g) Annast samskipti við erlenda hagsmunaaðila.
- 3. gr.** Inngöngu í félagið geta þeir fengið sem:
- a) Vinna, hafa unnið eða eru að hefja störf sem flugfreyjur og flugþjónar.
 - b) Standa ekki í óbættum sökum við félagið eða önnur stéttarfélög innan ASÍ, sem viðkomandi hafa verið í.
 - c) Eru ekki fullgildir félagsmenn í öðru félagi innan ASÍ.
- 4. gr.** Sá sem óskar inngöngu í félagið skal senda skriflega inntökubeiðni til stjórnar félagsins eða þess sem hún vísar til. Inntökubeiðnin skal borin upp á fundi stjórnar og samþykki meirihluti mættra stjórnarmanna inntökubeiðnina er umsækjandi orðinn löglegur félagi. Felli stjórnarfundur inntökubeiðni skal félagsfundur úrskurða um inngöngubeiðni. Synji félagsfundur um inngöngu í félagið getur aðili skotið málinu til miðstjórnar ASÍ en úrskurður félagsfundar gildir þar til miðstjórn ASÍ hefur úrskurðað annað.
Þeir sem eru fullgildir félagsmenn FFÍ, þann 19. mars 1997, teljast vera það áfram þó þeir hafi ekki undirritað inntökubeiðni.
- 5. gr.** Heimilt er að taka í félagið sem aukafélaga þá sem greiða til félagsins en hafa ekki óskað eftir inngöngu sbr. 4. gr. og aðra sem stunda vinnu samkvæmt þeim samningum sem félagið hefur gert og starfa á starfssvæði félagsins um stundarsakir en eru félagar í öðru félagi.
Aukafélagar greiða fullt félagsgjald meðan þeir eru á félagssvæðinu, hafa málfrelsi og

tillögurétt á fundum félagsins, en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi. Skyldur félagsins gagnvart aukafélögum eru hinar sömu og gagnvart aðalfélögum.

Félagsmönnum sem láta af störfum vegna aldurs er heimilt að vera áfram í félaginu ef þeir kjósa og greiða þá hálf félagsgjald. Réttindi þeirra eru að öðru leyti þau sömu og aukafélaga.

- 6. gr.** Úrsögn úr félaginu getur því aðeins átt sér stað að félagsmaður sé skuldlaus við félagið. Úrsögn skal vera skrifleg. Hún skal afhent formanni félagsins eða skrifstofu. Félagsmenn halda félagsréttindum meðan þeir gegna trúnaðarstörfum í verkalýðshreyfingunni.

Enginn getur sagt sig úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af félaginu og þar til vinnustöðvuninni hefur verið formlega aflýst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmanna í öðru félagi er lagt hafa niður vinnu vegna deilu.

2. Kafli. Réttindi og skyldur félagsmanna, réttindamissir, brottrekstur.

- 7. gr.** Réttindi félagsmanna eru eftirfarandi:

- a) Málfrelsi, tillögu- og atkvæðisréttur á félagsfundum svo og kjörgengi. Atkvæðisréttur um kjarasamninga eftir nánari ákvörðun félagsfundar.
- b) Réttur á styrkjum úr sjóðum félagsins, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í reglugerðum sjóðanna.
- c) Réttur til að vinna eftir þeim kjörum sem samningar félagsins ákveða hverju sinni.
- d) Réttur til aðstoðar félagsins vegna vanefnda atvinnurekenda á samningum og brotum á lögum og/eða reglugerðum.

- 8. gr.** Skyldur félagsmanna eru:

- a) Að hlýta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og samningum í öllum greinum.
- b) Að greiða félagsgjöldin á réttum gjalddaga.
- c) Að vinna ekki með ófélagsbundnum mönnum í greininni eftir því sem félags- eða trúnaðarráðsfundur tekur ákvarðanir um.
- d) Að stuðla að því að ófélagsbundnir menn gangi í verkalýðsfélagið og tilkynna til félagsins brot á lögum og samþykktum félagsins.
- e) Að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið endurgjaldslaust nema annað sé ákveðið.
- f) Að gefa stjórn félagsins upplýsingar um meint brot eða tilraunir til brota á kjarasamningi FFÍ.
- g) Að aðhafast ekkert sem er FFÍ til tjóns eða álithnekkis.

- 9. gr.** Ef félagsmaður er sakaður um brot á lögum félagsins skal málið tekið fyrir á stjórnarfundum sem ákveður með einföldum meirihluta atkvæða hverju eftirfarandi úrræða skuli beitt:

- a) Áminningu.
- b) Svípt félagsmann tillögurétti og fundarsetu í tiltekinn tíma.
- c) Svípt félagsmann rétti til að gegna trúnaðarstörfum í þágu FFÍ um ákveðinn tíma.
- d) Vikið félagsmanni úr FFÍ um lengri eða skemmri tíma sé um alvarlegt brot að ræða eða endurtekið brot sem hann hefur áður sætt áminningu fyrir.

Skjóta má úrskurði stjórnar til félagsfundar.

Hver sá maður er rækur úr félaginu í lengri eða skemmri tíma sem að álitu félagsfundar hefur unnið gegn hagsmunum félagsins, bakað því tjón eða gert því eitthvað til vansa, svo og hver sem ekki hlýðir lögum þess eftir gefna áminningu í félaginu.

Úrskurði félagsfundar um áminningu eða brottvísun félagsmanns má vísa til Alþýðusambandsins, en úrskurður félagsfundar gildir þar til sambandið ákveður annað.

Hafi félagsmanni verið vikið úr félaginu á hann ekki afturkvæmt í félagið nema inntökubeiðni hans sé samþykkt á lögsmætum félagsfundar.

- 10. gr.** Félagsgjöld skulu vera 1,5% af föstum launum. Reglulegt þing ASÍ ákveður þó lágmarksfélagsgjald verkalýðsfélaga hverju sinni, sbr. 41. gr. laga ASÍ. Félagismaður sem skuldar lögboðin gjöld til félagsins fyrir 3 mánuði eða meira nýtur ekki fullra félagsréttinda, svo sem atkvæðisréttar, kjörgengis né styrkja úr sjóðum félagsins. Félagsréttindi öðlast hann ekki á ný fyrr en skuldin er að fullu greidd. Tveggja ára skuld varðar útstrikun af félagsskrá. Stjórn félagsins getur veitt þeim sem sjúkir eru eða stunda nám og fallið hafa af launaskrá eftirgjöf á félagsgjaldi.

3. Kafli. Stjórn og trúnaðarráð.

- 11. gr.** Stjórn félagsins skipa sjö félagsmenn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og þrír meðstjórnendur. Varastjórn skipa tvo menn. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár og skal hún kosin á aðalfundi. Formaður skal kosinn en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.
- 12. gr.** Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda. Stjórnin boðar til félagsfunda, sbr. 17. grein. Hún ræður starfsmenn félagsins og ákveður vinnuskilyrði þeirra. Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á eigum félagsins. Skylt er stjórn félagsins að stuðla að því að allt er varðar sögu félagsins sé sem best varðveitt. Láti félagismaður af trúnaðarstörfum sem hann gegnir fyrir félagið er honum skylt að skila af sér öllum gögnum sem trúnaðarstarf hans varðar.
- 13. gr.** Formaður félagsins kveður til stjórnarfunda og stjórnar þeim. Formanni er skylt að halda stjórnarfund óski a.m.k. 2 stjórnarmenn eftir því. Formaður undirritar gerðarbækur félagsins og gætir þess að allir stjórnarmenn geri skyldu sína. Hann hefur eftirlit með starfsemi félagsins og eftirlit með því að lögum þess og samþykktum sé fylgt í öllum greinum. Varastjórnarmenn taka sæti í stjórn í forföllum aðalmanna. Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.
- 14. gr.** Ritari ber ábyrgð á því að gerðarbækur félagsins séu haldnar og færðar í þær allar fundargerðir og lagabreytingar. Hann undirritar gerðarbækur félagsins ásamt formanni. Heimilt er að hljóðrita fundi félagsins.
- 15. gr.** Gjaldkeri hefur á hendi eftirlit með fjárreiðum félagsins og bókfærslu eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.

16. gr. Trúnaðarráð skal vera starfandi í félaginu. Í ráðinu eiga sæti stjórn félagsins og varastjórn og 16 fullgildir félagsmenn sem kosnir eru í ráðið eftir sömu reglum og til sama tíma og stjórn. Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess. Þurfi að skipa nýja fulltrúa í trúnaðarráð, sökum þess að einhver hættir störfum fyrir félagið af einhverjum ástæðum, skal stjórn félagsins samþykkja breytinguna á stjórnarfundi.

Formaður kveður trúnaðarráð til funda með þeim hætti er hann telur heppilegan, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skylt er formanni að boða trúnaðarráð til fundar ef þriðjungur þess óskar og tilgreinir fundarefni. Trúnaðarráðsfundur er löglegur ef meirihluti ráðsmanna mætir, eða alls 13.

Formaður getur í nafni félagsstjórnar kallað saman trúnaðarráð stjórninni til aðstoðar þegar félagsleg vandamál ber að höndum og ekki eru tók á að ná saman félagsfundi, og ræður einfaldur meirihluti úrslitum í slíkum málum.

Hlutverk trúnaðarráðs er auk ofanritaðs:

Að móta stefnu félagsins í mikilsverðum málum.

Að gera tillögu um atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun.

Að leggja mat á samninga áður en þeir eru bornir undir atkvæði.

Að ákveða laun starfsmanna félagsins.

17. gr. Samninganefndir eru kjörnar af stjórn og trúnaðarráði. Hlutverk samninganefndar er að annast gerð kjarasamninga hverju sinni. Í samninganefnd skulu eiga sæti 6 menn en auk þeirra skal einn stjórnarmaður félagsins eiga sæti í samninganefndinni. Skipa skal sérstaka samninganefnd fyrir hvern viðsemjanda. Hver samninganefnd kys sér formann. Ef samninganefndarmaður lætur af störfum skal stjórn félagsins kjósa mann í staðinn.

Hver nefnd skal skipa félagsmenn til starfa við samningsgerð um einstaka samninga. Þess skal jafnan gætt að fulltrúar þeirra sem starfa eftir viðkomandi samningi komi að samningsgerð hverju sinni.

Við atkvæðagreiðslur um kjarasamninga og verkfallsboðun skulu þeir einir hafa atkvæðisrétt sem starfa eftir viðkomandi samningi.

18. gr. Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um stjórn atkvæðagreiðslna um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur skv. lögum félagsins. Kjörstjórnin skal kjörin af aðalfundi og í henni skulu eiga sæti þrír menn og tveir til vara.

4. Kafli. Fundir og stjórnarkjör.

19. gr. Félagsfundir skulu haldnir þegar félagsstjórn álitur þess þörf eða minnst 10% fullgildra félagsmanna óska þess við stjórn félagsins og tilgreina fundarefni. Fundir skulu boðaðir með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara með bréflægri tilkynningu eða rafrósti til allra félagsmanna. Þó má í sambandi við vinnudeilur boða fund með skemmri fyrirvara. Fundur er lögmetur ef löglega er til hans boðað. Fundum félagsins skal stjórnað eftir almennum fundarsköpum. Komi upp ágreiningsatriði um fundarsköp úrskurðar fundarstjóri hverju sinni með rökstuddum úrskurði. Óski einstakur félagsmaður eftir skriflegri atkvæðagreiðslu á félagsfundi er fundarstjóra skylt að verða við þeirri ósk.

20. gr. Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir maílok ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með dagskrá með 7 sólarhringa fyrirvara og er hann lögmætur ef löglega er til hans boðað. Um boðun aðalfundar fer að öðru leyti með sama hætti og boðun félagsfundar.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið ár.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu.
3. Kosning stjórnar, varastjórnar og trúnaðarráðs.
4. Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna og eins til vara.
5. Kosning til annarra stjórnna og ráða sem lög og reglugerðir félagsins gera ráð fyrir.
6. Lagabreytingar, ef fyrir liggja.
7. Önnur mál.

21. gr. Kjósa skal stjórn og varastjórn á aðalfundi. Kjósa skal sérstaklega formann, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

22. gr. Stjórn skal ganga frá framboðslista vegna stjórnarkjörs og kjörs trúnaðarráðs. Stjórn skipar í önnur trúnaðarstörf. Skal slíkum lista skilað til kjörstjórnar eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund. Kjörstjórn skal auglýsa eftir fleiri framboðum. Veittur skal frestur til að koma framboðum til kjörstjórnar þar til 2 vikum fyrir aðalfund. Komi fram fleiri framboð en listi stjórnar skal viðhafa póstatkvæðagreiðslu eða rafræna kosningu með viðeigandi órekjanleika greiddra atkævði og meðferð persónuupplýsinga.

5. Kafli. Fjármál.

23. gr. Af tekjum félags skal greiða öll útgjöld þess og annan kostnað, er stafar af samþykktum félagsfunda eða stjórnar. Við meiri háttar ráðstafanir á eignum félagsins þarf samþykki félagsfundar.

24. gr. Tveir félagslegir skoðunarmenn skulu yfirfara reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og gera athugasemdir sínar við þá. Skoðunarmenn eru kosnir á aðalfundi. Hlutverk þeirra er m.a. að hafa eftirlit með því að fjármunum félagsins sé varið til þeirra verkefna sem félagsfundur og/eða stjórn hafa ákveðið. Auk athugunar hinna félagskjörnu skoðunarmanna er stjórn félagsins skylt að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga og fjárreiður félagsins í lok hvers reikningsárs. Reikningar félagsins skulu liggja frammi, til skoðunar fyrir félagsmenn, 7 dögum fyrir aðalfund.

25. gr. Sjóðir í eigu eða vörslu félagsins skulu vera: Félagssjóður, sjúkrasjóður, orlofsheimilásjóður og aðrir sjóðir sem stofnaðir kunna að vera.

Allir sjóðir félagsins aðrir en félagssjóður skulu hafa sérstaka reglugerð sem samþykkja þarf á aðalfundi. Reglugerðum sjóða má aðeins breyta á aðalfundi. Reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, hverjar tekjur hans skuli vera, hvernig verja skuli fé hans og hvernig honum skuli stjórnað.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir á tryggan hátt í ríkisskuldabréfum, í ríkistryggðum skuldabréfum í bönkum eða í sparisjóðum, í skuldabréfum tryggðum með veði í

fasteign eða á annan hátt er stjórn félagsins og trúnaðarráð metur tryggan.
Tekjur félagsins skiptast milli sjóðanna samkvæmt ákvæðum í reglugerðum þeirra.

6. Kafli. Lagabreytingar.

26. gr. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði. Til þess að breytingin nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða fullgildra félagsmanna.
Breytingar á lögnum koma fyrst til framkvæmda er miðstjórn ASÍ hefur staðfest þær.

7. Kafli. Félagsslit.

27. gr. Félaginu verður ekki slitið nema 3/4 allra félagsmanna samþykki það að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu. Verði samþykkt að leggja félagið niður skal Alþýðusamband Íslands varðveita eignir þess þar til annað verkalýðsfélag er stofnað með sama tilgangi á félagssvæðinu. Fær það félag þá umráð eignanna að áskildu samþykki miðstjórnar Alþýðusambandsins.
Um sameiningu félaga skal fjallað á sama hátt og lagabreytingar.

Lög félagsins þannig samþykkt á aðalfundi félagsins þann 13. maí 2015.

Lög FFÍ endurútgefin maí 2015.